

2. ágúst 1973.

415

Nr. 210.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um söluskatt nr. 169 21. ágúst 1970.

1. gr.

1. og 2. mgr. 27. gr. orðist svo:

Söluskattskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattskrá sbr. 5. gr., skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í undæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á samkvæmt reglugerð þessari. Greiðslum skal fylgja skýrsla, á þar til gerðum eyðublöðum, um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattskylda sölu og söluskatt þann, sem inna ber af hendi.

Söluskattskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstímabil, þótt ekki hafi verið um söluskattskylda sölu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku, þótt eigi fylgi greiðsla.

2. gr.

29. gr. orðist svo:

Skattstjóri skal rannsaka söluskattskýrslur og leiðrétt skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem eigi hafa framvísað fullnægjandi skýrslu innan tilskilins tíma.

3. gr.

30. gr. orðist svo:

Söluskatti ásamt söluskattskýrslu, sbr. 27. gr., skal skila fyrir hvern mánuð. Gjald-dagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan fridag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

4. gr.

31. gr. orðist svo:

Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að greiða söluskatt við framvísun söluskattskýrslu einu sinni á ári, enda sé söluskattskyld velta yfirleitt minni en kr. 250 000.00 á ári.

5. gr.

32. gr. orðist svo:

Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi skilað honum á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga. Innheimtumaður getur látið lögregluna, á grundvelli söluskattskýrslu eða áætlunar skattstjóra, stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera skil á skattinum á tilsettum tíma, með því m. a. að setja verkstofur, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

6. gr.

38. gr. orðist svo:

Sé söluskattskýrslu ekki skilað á tilskildum tíma og skattur því áætlaður, skal ekki lækka skatt aðila, þótt hann kæri, nema hann sanni, að viðskipti hans hafi verið áætluð meira en 10% hærri en þau voru í reynd. Sé mismunur 10% eða meira, skal greiða skatt af hinum raunverulegu upphæðum að viðbættum 10%. Sé mismunur minni en 10%, skal greiða skatt af þeirri upphæð, sem áætluð var. Sama regla gildir, ef söluskattskýrslu er ábótavant og skattur þess vegna áætlaður, en ekki úr ágóllum bætt, þótt skattaðili hafi fengið um það áskorun frá skattstjóra. Ákvæðum þessarar málsgreinar þarf þó eigi að beita, ef skattaðili færir gildar ástæður sér til afsökunar.

Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila söluskatt 5 ár aftur í tímann.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 og nr. 3/1970 öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 160 frá 22. júní 1973.

Fjármálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.